

Ed.

579. Breytingartillögur

[206. mál]

við frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. 2. gr. orðist svo:

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að helmingi og aldrei minna en $\frac{1}{3}$ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó ekki hærri upphæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.

2. 3. gr. orðist svo:

Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið áætlar styrktarupphæð til hvers skóla um sig í samráði við skólastjóra með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.